

**Fyrsti fundur vetrarins í Gammadeild DKG var haldinn miðvikudaginn 24. september, 2014, klukkan 17:30 í Garðabæ.**

Áður en formlegur fundur hófst hittumst við í Hönnunarsafni Íslands þar skoðuðum við sýninguna *Ertu tilbúin frú forseti?* Kristín Bjarnadóttir nýr formaður deildarinnar bauð okkur velkomnar síðan kynnti hún Hörpu Þórsdóttur safnstjóra til sögunnar.

Til að byrja með sagði Harpa lítillega frá sjálfri sér. Hún er nánast fædd í safni, faðir hennar Þór Magnússon var þjóðminjavörður og var hún t.d. skírð í Þjóðminjasafni Íslands. Harpa talaði um hvernig tilviljanir geta ráðið miklu í lífinu. Hún hafði ætlað sér að læra lögfræði og síðan var það algjör tilviljun að hún skráði sig í nám í listfræði í Frakklandi.

Harpa rakti stuttlega sögu Hönnunarsafns Íslands sem var stofnað árið 1998. En samningur á milli Menntamálaráðuneytisins og Garðabæjar er um safnið síðan er það Garðabær sem rekur það. Starfsemi safna er bundin með lögum. Tilgangur þeirra er m.a. að miðla, fræða og varðveita. Hvert safn þarf að marka sér stefnu, í þessu safni er hönnunarsagan varðveitt. Sem dæmi um þá hluti sem safnið varðveitir má nefna: keramik, glermuni, textílhönnun og vöruhönnun alls konar. Safnið er falið að, einungis eru tvær manneskjur í fullu starfi og einn starfsmaður er í afgreiðslu. Síðan er starfsfólk ráðið tímabundið þegar nýjar sýningar eru settar upp.

Áður en við skoðuðum sýninguna hélt Harpa smá erindi. Talandi um tilviljanir, hún sagði okkur að sýningin *Ertu tilbúin frú forseti?* hafi orðið til fyrir algjöra tilviljun. Vigdís Finnbogadóttir hafði fengið að geyma fatnað frá forsetatíð sinni í geymsluherbergi á gamla vinnustaðnum sínum, Borgarleikhúsinu. Vigdís er mjög örlát og hafði hún boðið leikhúsfólki að nota kjólana sína ef það gæti. Á síðasta ári kom að því að Leikhúsið þurfti á þessari geymslu að halda. Þannig að Vigdís og Ástríður dóttir hennar þurftu að tæma geymsluna án mikils fyrirvara. Þetta spurðist út og þar með kviknaði hugmyndin að þessari sýningu. Vigdís leist strax vel á hugmyndina og fannst þetta spennandi verkefni.

Á sýningunni *Ertu tilbúin frú forseti?* er sjónum beint að fatnaði frú Vigdísar Finnbogadóttur með áherslu á fyrri hluta embættistímabils hennar. Hún var fimmtug þegar hún var fyrst kvenna kjörin til þessa háa embættis. Frá fyrsta degi, og í þau 16 ár sem hún gegndi embætti forseta Íslands, var hún eftirsóttur þjóðhöfðingi. Nærveru hennar var óskað við fjölbreytileg tækifæri, ekki aðeins hér heima heldur víða um heim. Hún þurfti stöðugt að huga að klæðnaði fyrir hin ýmsu tækifæri. Þannig að á farsælli forsetatíð sinni ruddi hún ekki aðeins braut kvenna til nýrra metorða, heldur stóð hún frammi fyrir því að að móta hefð um klæðaburð fyrir konu í slíku embætti.

Harpa fór einnig aðeins yfir ýmsar siðareglur og hefðir sem ríkja innan þess umhverfis sem þjóðhöfðingjar eru í og tengjast t.d. klæðaburði, það gerði hún með skemmtilegu ívafi. Hún sagði að Vigdís hafi ekki fundist það vera við hæfi að klæðast skautbúningi við hátíðleg tækifæri innanlands, þar sem hefð hafði verið fyrir því að eiginkonur forseta gerðu það. En Vigdís klæddist skautbúningnum í opinberum heimsóknnum erlendis, það hjálpaði henni mikið fjárhagslega. Sigríður móðir hennar saumaði skautbúninginn á kreppuárunum, hann var úr óvenjulega léttu efni en saumaður með grófum ullarþræði. Turkisblár litur eins og er í innsetningarkjól Vigdísar er uppáhaldsliturinn hennar. En Vigdís lagði áherslu á það í sínu fatavali að klæðast ljósum litum. Hún áttaði sig fljótt á því að það var heppilegt að vera í einlitum fatnaði því þá nutu orðurnar, sem hún þurfti að bera við hin ýmsu tækifæri, sín betur. Orðusafn frú Vigdísar á sýningunni, svo og fatnaður og fylgihlutir eru í eigu Vigdísar. Það eru einungis tvær ferðatöskur sem eru í eigu forsetaembættisins. Talsvert hefur verið rannsakað í sambandi við þessa sýningu.

Að lokum fengum við tækifæri til að ganga um og skoða þessa áhugaverðu sýningu.

Kristín þakkaði Hörpu fyrir kynninguna og góða leiðsögn um sýninguna og færði henni rós, sem er tákn samtakanna, í þakklætisskyni.

**Tekið fyrir á formlegum fundi:**

**Fundarsetning** Við komum okkur fyrir í litlum og notalegum sal í Safnaðarheimili Vídalínskirkju í Garðabæ. Þar setti formaður, Kristín Bjarnadóttir, formlegan fund og bauð konur velkomnar. Hún kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpssemi. Kristín þakkaði konum það traust sem henni er sýnt með því að hafa valið hana til formennsku í Gammadeild. Hún greindi frá því að ný stjórn hafi skipt með sér verkum: Kristín Bjarnadóttir formaður, Björk Einisdóttir varaformaður, Svana Friðriksdóttir ritari, Kristín Jónsdóttir meðstjórnandi þá er Ragnhildur Þórarinsdóttir gjaldkeri. Síðan var nafnakall, alls sóttu 20 konur fundinn. Kristín flutti kveðjur frá konum sem komust ekki á fundinn. Kveðjur bárust víða að úr heiminum, má t.d. nefna: Ítalíu, Spán, Portúgal, Belgíu, Perú og Bandaríkin, fyrir utan Heydal við Ísafjarðardjúp.

**Fundinn sátu** eftirtaldir félagar í Gammadeild: Björg Eiríksdóttir, Björk Einisdóttir, Edda Pétursdóttir, Gerður G. Óskarsdóttir, Helga Thorlacius, Hrefna Þórarinsdóttir, Ingibjörg Einarsdóttir, Ingibjörg Jóhannsdóttir, Kristín Bjarnadóttir, Kristín Jónsdóttir, Kristín Jónsdóttir kennslukona, María Pálmadóttir, Pálína Jónsdóttir, Ragnhildur Þórarinsdóttir, Rannveig Sigurðardóttir, Sigríður Jónsdóttir, Sigrún Aðalbjarnardóttir, Soffía Sveinsdóttir, Svana Friðriksdóttir og Vilborg Dagbjartsdóttir.

**Kynning á vetrarstarfinu** Kristín kynnti starfið framundan í stuttu máli. Við ætlum að skoða og kanna hvað varð um þær konur sem voru að spretta úr spori þegar miklar breytingar áttu sér stað í íslenska menntakerfinu.

**Fundargerð lesin** Björk Einisdóttir las fundargerð síðasta fundar sem var bæði aðalfundur og inntökufundur. Á þeim fundi voru Edda Pétursdóttir, Edda Vikar, Hildur Jóhannesdóttir og Soffía Sveinsdóttir teknar inn í deildina. Fundargerðin var samþykkt með lófaklappi.

**Matur borinn fram** Boðið var upp á smurða brauðsneið og dýrindis súpu. Að lokum var kaffi borið fram. Verð á matnum var kr. 2000.

**Innheimta félagsgjalda** Ragnhildur Þórarinsdóttir gjaldkeri minnti á að félagsgjöld verða innheimt fljótlega. Hún bað konur um að greiða þau sem fyrst eftir að boð kemur þar um.

**Fundarlok** Formaður færði Þórunni Björgvinsdóttur matráðskonu rós fyrir að annast matinn. Pálína Jónsdóttir þakkaði fyrir þær gjafir sem Rauða krossinum voru færðar í tilefni af níráðisafmæli hennar á nýliðnu sumri. Hún sagði að það hafi glatt hana mjög mikið. Formaður minnti á næsta fund sem haldinn verður í Kvennaskólanum í Reykjavík og slökkti síðan á kertunum þremur. Fundi var slitið um klukkan 20:00.

Fundargerð skráði Svana Friðriksdóttir.